



### 388. fundur Þingvallanefndar

Fundur haldinn í forsætisnefndarherberginu í Alþingishúsinu þann 12. desember 2011 kl. 18. Mættir voru Álfheiður Ingadóttir, Valgerður Bjarnadóttir, Þuríður Backman, Ragnheiður Elín Árnadóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Vigdís Hauksdóttir, Ólafur Örn Haraldsson og Hrefna Jónsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir boðaði forföll.

Óskar Valdimarsson forstjóri Framkvæmdasýslu ríkisins mætti vegna 1. dagskrárliðar og Einar Á. Sæmundsen mætti vegna 3. dagskrárliðar.

Þetta gerðist:

#### 1. Hönnun og framkvæmdir í Almannagjá

Formaður bauð forstjóra Framkvæmdasýslu ríkisins, Óskar Valdimarsson velkominn á fundinn og þakkaði honum fyrir gott samstarf við Þingvallanefnd undanfarin ár.

Óskar byrjar á að þakka nefndinni og þjóðgarðsverði fyrir ánægjulegt samstarf og gefur nefndarmönnum eintak af spánýju leiðbeiningariti um uppbyggingu á ferðamannastöðum. Óskar segir að Þingvallanefnd þurfi að sjálfsgöðu að fara að lögum um skipan opinberra framkvæmda nr. 84/2001 og FSR þurfi að fara eftir lögum um opinber innkaup nr. 84/2007. Óskar tekur fram að engin lög eða reglur hafi verið brotin í verklagi nefndarinnar eða þjóðgarðsvarðar vegna undirbúnings framkvæmda í Almannagjá.

Í 1. gr. 84/2001 kemur fram að opinber framkvæmd merkir í lögum að gerð, viðhald eða breyting mannvirkis sem kostuð er af ríkissjóði að nokkru eða öllu leyti, enda nemi áætlaður kostnaður ríkissjóð amk. 5 mkr. Í lögum 84/2007, 20 gr., kemur fram að viðmiðunarfrjárhæðir fyrir öll innkaup á vörum séu 5 mkr. og kaup á þjónustu og verkum yfir 10 mkr.

Verkferli samanstendur af undirbúningi, hönnun og framkvæmdum. Þingvallanefnd sé enn á undirbúningsstigi með Almannagjá, en þá sé oft samið beint við verktaka ef verkið er undir viðmiðunarfrjárhæðum. Þingvallanefnd hafi fengið til sín ráðgjafa á undirbúningsstigi, sem er algengt og stenst lög og reglur. Þegar undirbúningsframkvæmdum lýkur er stöðvunarskylda á verkinu, þá þurfi að senda skýrslu til Samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir og fá samþykki til að halda verkefninu áfram og fara í hönnunarferli. Eftir að samþykki kemur frá nefndinni er hægt að ráða hönnuði.

Framkvæmdasýslan hvetur til samkeppni í einhverju formi, þar sem þrír eða fleiri hönnuðir séu valdir og þeir keppi sín á milli. Óskar lýsir þremur leiðum að samkeppni:

Samkeppni að undangengnu forvali, örsamkeppni og samkeppni milli aðila á rammasamningi hjá Ríkiskaupum.

Nefndin geti sjálf valið 3-5 hönnuði sem komi til greina í keppnina, þar sem áætlaður kostnaður við hönnun verksins er undir 10 mkr. Framkvæmdasýslan leggi þó eindregið til að allir fari eftir anda laganna og viðhafi samkeppni þótt að það sé ekki skylt ef fjárhæðir eru undir viðmiðunarmörkum eins og hér er. Engar verklagsreglur verði brotnar þótt nefndin velji hönnuði sjálf.

Ragnheiður Elín minnir á að allir landsmenn hafa skoðun á Þingvöllum, á því hvað eigi að vera þar og hvað ekki. Þegar eitthvað verður risið, muni allmargir hafa miklar skoðanir á því og því mikilvægt að nefndin geti vísað til þessa að reglum og lögum hafi verið fylgt.

Formaður þakkaði Óskari fyrir komuna á fund Þingvallanefndar og fyrir upplýsingar og ábendingar sem hann veitti.

## 2. Fjárlög og framkvæmdaáætlun

Formaður upplýsti að þjóðgarðurinn hefði fengið 4 mkr. viðbótarframlag vegna endur-útreiknings á stofni sérstakrar fjárveitingar til þjóðgarða og til framkvæmda á ferðamannastöðum og 5,5 mkr. í aukafjárveitingu vegna aukinnar landvörslu í þjóðgarðinum. Alls 9,5 mkr.

Þjóðgarðsvörður lagði fram lista yfir verk sem vinna þarf í þjóðgarðinum. Framkvæmdahluti á fjárlögum fyrir þjóðgarðinn er 32 mkr. og 2 mkr. í viðhald.

Nefndin óskar eftir að kostnaður verði áætlaður fyrir hvern lið og verkefnum verði forgangsraðað fyrir næsta fund. Einnig að tíma- og skipulagsáætlanir verði útbúnar fyrir verk sem vinna þarf á nokkrum árum.

## 3. Silfra

Lagt fram minnisblað sem þjóðgarðsvörður og Einar Á. E. Sæmundsen fræðslufulltrúi hafa útbúið um aðstöðu til köfunar og snorkis í Silfru og viðbrögð við of miklu álagi í og við gjána.

Silfra er djúp og vatnsmikil gjá sem opnast út í Þingvallavatn austan við ósa Öxarár. Vatnið í gjánni er kristaltært og hitastig 2°-4° allan ársins hring. Heimilt er að kafa í tvær gjár á Þingvöllum, í Silfru og í Davíðsgjá, og gilda um það almennar umgengnisreglur þjóðgarðsins. Menn kafa á eigin ábyrgð, megi ekki fara dýpra en 30 m og uppfylli reglur um búnað og réttindi til köfunar.

Ljóst er að burðarþoli Silfru fyrir köfun og snork er náð, enda hefur mikill vöxtur verið í þeirri starfsemi síðustu ár og reikna köfunarfyrirtækin með aukningu upp á 10-30% á næsta sumri. Fyrirtæki sem bjóða uppá sérferðir í Silfru eru 5; 2 stór og 3 minni. Reiknað er með að gjáin velti um 100-120 mkr. á ári. Samkvæmt upplýsingum frá köfunarfyrirtækjunum má ætla að 7-8 þúsund kafarar hafi synt í gegnum gjána í sl. sumar.

Þjóðgarðsvörður og Einar hafa átt fundi með forsvarsmönnum köfunarfyrirtækja, þar sem lögð voru fram drög að kröfum til ferðapjónustuaðila sem hyggjast stunda köfunar- og snorkferðir í Silfru. Almenn sátt er um þær tillögur nema hvað varðar réttindi leiðsögumanna í snorki. Á fundunum gafst fyrirtækjunum kostur á að koma sínum

sjónarmiðum á framfæri. Ríkiskaup hafa verið fengin til ráðgjafar um hvernig stýra megi nýtingu á gjánni til köfunar og snorks. Aðkallandi er að stýra aðsókn í Silfru frá og með næsta sumri. Mesti ferðamannatíminn er frá maí fram í september og er mesta umferðin um gjánna á morgnana.

Þingvallanefnd samþykkir að fela Þjóðgarðsverði að undirbúa í samvinnu við Ríkiskaup og köfunarsamfélagið útboð á sérleyfum til sölu hópferða til köfunar og snorks í Silfru í samræmi við áherslur í minnisblaðinu. Útboðið fari fram í byrjun árs 2012 með gildistöku 1. maí. Árið 2012 verði nýtt til hönnunar og byrjunarframkvæmda sem ljúki vorið 2013.

#### **4. Rafknúinn farþegabátur**

Lagt fram að nýju erindi frá Snæbirni Ólafssyni og Gissuri Baldurssyni dags. 24.1.2011, þar sem óskað eftir leyfi Þingvallanefndar og aðstöðu til að reka rafknúinn farþegabát á þeim hluta Þingvallavatns sem tilheyrir Þjóðgarðinum. Þjóðgarðsvörður og fræðslufulltrúi leggja fram minnisblað dags. 9.12.2011 um umsóknina.

Umsækjendur óska eftir afstöðu nefndarinnar áður en þeir hefja lokahönnun og smíði á bátnum. Ef af verður mun báturinn verða smíðaður úr trefjaplasi hér á Íslandi. Báturinn verður 12 m langur, 3,5 m breiður, djúprista 0,8 m og knúinn áfram með tveimur 28 hp. rafmótorum. Á kili bátsins verður glergluggi til að hægt sé að horfa ofan í vatnið. Lagt er til í minnisblaðinu að Þingvallanefnd samþykki erindið. Þjóðgarðsvörður og fræðslufulltrúi hafa skoðað þrjú svæði á Þingvöllum með umsækjendum og mæla með því að Nestá á Rauðukusunesi í Kárastaðalandi verði skoðuð nánar sem aðstaða fyrir rafmagnsbátinn.

Samþykkt að fela Þjóðgarðsverði að hefja formlegar viðræður við umsækjendur á grunni minnisblaðsins og leggja fyrir nefndina drög að samningi. Í samninginum mun hugað að álagningu aðstöðugjalds til að standa straum af kostnaði sem falla kann á Þjóðgarðinn, gera þarf ráð fyrir rekstrarleyfi til tiltekins tíma með endurnýjunar- og uppsagnarákvæðum ásamt tryggingum og öryggismálum.

Vigdís Hauksdóttir situr hjá við atkvæðagreiðsluna.

#### **5. Reglur um erindi um einkarekstur á Þingvöllum**

Með vísan í 15. kafla stefnumótunar Þjóðgarðsins 2004-2024 samþykkir Þingvallanefnd að vinna að mótun verkferla og reglna fyrir afgreiðslu erinda um einkarekstur sem berast Þjóðgarðinum og mun það vera gert með aðstoð frá Ríkiskaupum. Það verk þarf að vinnast í samhengi við vinnu að heildarskipulagi fyrir Þjóðgarðinn.

#### **6. Umsókn um leyfi fyrir kaffivagni við Spöng**

Lagt fram erindi þar sem óskað er eftir að fá að selja kaffi og vatn úr þartilgerðum bíl við Spöng.

Frestað.

#### **7. Önnur mál**

##### **a. Vöktun Þingvallavatns og mengun frá umferð**

Formaður lagði fram bréf frá Náttúrufræðistofu Kópavogs dags. 25.11.2011 vegna endurskoðunar á vöktunaráætlun Þingvallavatns, sbr. umræður á síðasta fundi. Ennfremur afrit af bréfi sínu til Umhverfisstjórnarinnar dags. 7.10.2011 vegna mælinga Vegagerðarinnar á loftmengun af völdum umferðar við Þingvallavatn. Þar er farið fram á samvinnu um breyttar mælingaraðferðir til vöktunar á loftaðbornu nitri í samræmi við úrskurð umhverfisstjórnarinnar vegna legu nýs Lyngdalsheiðarveggar frá í maí 2007 en ekki hefur verið unnið úr sýnum sem safnað hefur verið eftir maímánuð 2009.

**b. Stjórnarsýsla Þingvalla**

Formaður skýrði frá skýrslu sem verktaki á vegum Umhverfisstjórnarinnar er að vinna og fjallar m.a. um að Þingvellir falli undir stjórnarsýslu þess ráðuneytis ásamt Vatnajökulspjóðgarði og Snæfellsnesþjóðgarði.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 20:10.